



Innviðaráðuneyti
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 11. ágúst 2022

Efni: Áform um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, mál nr. 131/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála nr. 131/2022 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 19. júlí síðastliðinn. Áformin byggja á því mikilvæga markmiði að auka samþættingu áætlana á sviði innviða, þ.e. húsnæðis-, skipulags- og samgöngumála. Er þannig stefnt að því að hámarka árangur og jákvæð áhrif stefnumótunarinnar.

SI fagna umræddum áformum og telja mikilvægt að stefnumörkun stjórnvalda sé skýr og skilvirk. Nauðsynlegt er að leita leiða til að draga úr sóun innan stjórnsýslunnar og stjórnkerfisins í heild. Markviss og heildstæð stefnumörkun í málaflokknum skiptir það miklu máli. Telja samtökin umrædd áform um samþætтар áætlanir á þessu sviði vera rökrétt og mikilvægt skref í átt að aukinni og skilvirkari húsnæðis- og innviðauppbyggingu en ljóst er að þörf fyrir uppbyggingu er mikil bæði í innviða- og húsnæðismálum og brýn þörf á hröðum umbótum, fólki og fyrirtækjum til heilla.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Björg Á. Þórðardóttir'.

Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs